



155. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurlands haldinn föstudaginn 14. mars, 2014, kl. 13.00 að Austurvegi 65, Selfossi.

Mætt: Gunnar Porkelsson formaður, Svanborg Egilsdóttir, Unnsteinn Eggertsson, Páll Stefánsson, Guðmundur Geir Gunnarsson og Elsa Ingjaldsdóttir. Pétur Skarphéðinsson, Valur Bogason og varamaður hans boðuðu forföll.
Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fund. Gengið var til dagskrár.

1. Starfsleyfi til kynningar og afgreiðslu

a) Starfsleyfi

Umsóknir – áhættumat frá verkfundum HES 7. og 25. febrúar sl.

Heiti	Ástæða umsóknar	Pnr	Borg	Isat flokkun	Áhættumat	Gildistími
Fosshótel Núpar	Eigendask.	880	Kbkl.	Hótel með veitingasölu, stórt + 100 g Einkavatnsból	6 - DII	12 ár
Lyf og heilsa Hellu	Br. á starfs.	850	Hella	Smásala á innpökkuðum matvælum	3 - DII	12 ár
Lyf og heilsa Kjarnanum	Br. á starfs.	800	Selfoss	Smásala á innpökkuðum matvælum Læknastofur	3 - DII	12 ár
Lyf og heilsa Þorlákshöfn	Br. á starfs.	815	Þorláksh.	Smásala á innpökkuðum matvælum	3 - DII	12 ár
Lyf og heilsa Hvolsvelli	Br. á starfs.	860	Hvolsv	Smásala á innpökkuðum matvælum	3 - DII	12 ár
Lyf og heilsa Vestm.	Br. á starfs.	900	Vestm	Smásala á innpökkuðum matvælum	3 - DII	12 ár
Lyfja, Selfossi	Br. á starfs.	800	Selfoss	Smásala á innpökkuðum matvælum	5 - DII	12 ár
Oliuverslun Íslands hf	Br. á starfs.	815	Þorláksh.	Smásala á innpökkuðum matvælum	endurnýjun – ekki mat	12 ár
Geo Silica Iceland ehf.	Ný starfsemi	816	Ölfus	Nám og vinnsla hráefna úr jörðu	7 - AII	12 ár
Gistiheimilið Frumskógar	Br.starfsl	810	Hveragerði	Orlofshúsasvæði og önnur ót.gisting með veitingasölu	lítill	12 ár
Lækjarbotnbleikja	Br.starfsl	851	Hella	Önnur ótalin fiskvinnsla, land og kvíaelði	miðl	12 ár
Bakland Lágafelli	Ný starfs	861	Hvolsvöllur	Orlofshúsasvæði og önnur ót.gisting með veitingasölu	lítill	12 ár
Garun apartments- Tryggvatorg ehf v.gistingar	eigendask	800	Selfoss	Útleiga sumarhúsa	lítill	12 ár
Art hostel ehf. Stokkseyri	Ný starfs	825	Stokkseyri	Gistiheimili/bændagist stórt 50+gestir, samkomusalir m.móttökueldh	lítill	12 ár
Fákasel –Hestamiðstöðin ehf Ingólfshvoli	Ný starfs	816	Ölfus	Krár,kaffihús með matsölu, dýrasýningar	miðl	12 ár
Ístak hf v.Hamragil starfsmannabúðir	Ný starfs	816	Ölfus	Starfsmannabúðir 17-50manns	lítill	12 ár
B14 gesthús Óskabirki, heimagisting	Ný starfs	800	Selfoss	Gistiheimili án veitinga lítið	Lítill	12 ár
Gisting Flúðum His ehf	Ný starfs	845	Flúðir	Gistiheimili án veitinga lítið	Lítill	12 ár
Heimagisting – Laxabakki 16, Anna Sigríður Árnadóttir	Ný starfs	800	Selfoss	Gistiheimili án veitinga lítið	Lítill	12 ár

Auk þess endurútfegin samtals 11 starfsleyfi til handa OR – veitna, Orku náttúrunnar og OR- vatns—og fráveitu, vegna breytinga á raforkulögum.



Ofangreind starfsleyfi samþykkt í samræmi við afgreiðslu af verkfundi.

b) Umsagnir til sýslumanna

Til kynningar afgreiðsla af verkfundum HES dags. 7. og 25. febrúar sl.

c) Umsagnir vegna skipulagsmála

Til kynningar afgreiðsla af verkfundum HES dags. 7. og 25. febrúar sl.

d) Sértek starfsleyfi

i) Loðdýrabú Snjallsteinshöfða, Eldfeldur ehf.

Frestur til að skila inn skriflegum athugasemdum er til 4. apríl næstkomandi.

Mun nefndin taka ákvörðun í málinu eftir þann tíma.

ii) Loðdýrabú Kirkjuferju

Lagt fram til upplýsinga bréf HES dags. 10. mars sl.

2. Ársreikningur 2013

Lagður fram ársreikningur HES fyrir árið 2013, undirritaður af endurskoðanda.

Hagnaður er af rekstri Heilbrigðiseftirlitsins umfram fjárhagsáætlun ársins og er munurinn fólgin í auknum tekjum umfram áætlun.

Heilbrigðisnefnd Suðurlands felur framkvæmdastjóra að boða skoðunarmenn til að yfirfara ársreikning og leggja fyrir næsta fund til undirritunar.

3. Gjaldskrár og samþykktir sveitarfélaga

a) Samþykkt um kattahald í sveitarfélaginu Árborg – Án athugasemda

b) Breyting á samþykkt um hundahald í sveitarfélaginu Árborg – án athugasemda

c) Gjaldskrá Árborgar vegna hunda- og katthalds – án athugasemda

d) Gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs fyrir Vestmannaeyjabæ – án athugasemda. Afgreiðslu vegna umsagnar við gjaldskrá um hunda- og kattahald frestað þar til frekari gögn berast frá sveitarfélaginu.

e) Gjaldskrá fyrir sorphirðu og meðhöndlun úrgangs fyrir Rangárþing Ytra – án athugasemda

4. Vöktunarskýrsla um Þingvallavatn

Lögð fram skýrsla Náttúrustofu Kópavogs vegna lífríkis og efna- og eðalisþátta í vatnsbol Þingvallavatns fyrir árið 2012.

Almennt flokkast Þingvallavatn í ástandsflokk I nema fyrir heildarfosfór og blaðgrænu þar sem vatnið fer í ástandsflokk II skv. reglugerð.

Þrátt fyrir það eru mæligildin nú umtalsvert lægri en meðaltal síðustu 5 ára. Út frá fyrirliggjandi mælingum telur Heilbrigðisnefnd Suðurlands vísbindingar um jákvæða þróun varðandi lífríki og vatnsgæði Þingvallavatns. Hins vegar er nú sem fyrr, nauðsynlegt að fyrirbyggja mögulega mengun af mannavöldum á vatnasvæðinu, ma. með því að bæta fráveitur á svæðinu.

5. Mál úr eftirliti

a) Malarnám við Brúará, Bláskógabyggð

Lögð fram til upplýsinga bréf HES til sveitarfélagsins, landeiganda og Vegagerðar, dags. 24. febrúar sl. og varðar leyfislausu efnistöku við Brúará, Bláskógabyggð. Í bréfum HES er kallað eftir svörum frá ofangreindum aðilum.



6. Undanþágubeiðni OR vegna styrks brennisteinsvetnis í andrúmslofti

Lagt fram bréf Umhverfis- og Auðlindaráðuneytis dags. 24. febrúar sl. þar sem óskað er eftir umsögn nefndarinnar á undanþágubeiðni Orkuveitu Reykjavíkur frá hertum ákvæðum í reglugerð nr. 514/2010 um styrk brennisteinsvetnis í andrúmslofti.

Jafnframt lögð fram vinnudrög að umsögn frá HES.

Almennar umræður urðu um málið.

Heilbrigðisnefnd felur framkvæmdastjóra að ganga frá umsögn í samræmi við umræðu fundarins og senda ráðuneytinu.

7. Umsókn um notkun ferilefna í tilraunaniðurdælingu

Lagt fram til upplýsinga bréf HES dags. 3. mars sl. sem umsögn við beiðni Orkuveitu Reykjavíkur um heimild til notkunar ferilefna við tilraunaniðurdælingu á CO₂ og H₂S, sbr. bréf dags. 19. febrúar sl. Með tilrauninni er verið að vinna að því að draga úr útblæstri brennisteinsvetnis frá virkjuninni.

8. Erindi frá Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- Kópavogssvæðis

Lagt fram bréf heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis dags. 5. mars sl. ásamt stöðuskýrslu vegna loftgæðamælinga í Lækjarbotnum en Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis telur ástæðu til að Orkuveita Reykjavíkur framkvæmi kortlagningu á mengun brennisteinsvetnis á svæðinu.

Eins og fram kemur í skýrslu HHK hafa mælingar á brennisteinsvetni í Lækjarbotnum frá upphafi aldrei farið yfir skilgreind sólarhringsgildi og ársmeðaltalið 0.08 µg/m³ yfir skilgreindum mörkum en almennt má reikna með skekkjumörkum +/- 3.0 µg/m³ skv. framleiðendum slíkra mælitækja. Mæligildin eru því að mati Heilbrigðisnefndar Suðurlands innan marka sem reglugerð um brennisteinsvetni í andrúmslofti setur. Heilbrigðisnefnd Suðurlands hefur í gegnum ákvæði starfsleyfisskilyrða, farið fram á að Orkuveitan setji upp loftgæðamælistöðvar til vöktunar á brennisteinsvetni í andrúmslofti. Þær eru fjórar í dag, staðsettar í Hveragerði, Norðlingaholti og við virkjanir á Hellisheiði og Nesjavöllum.

Í ljósi ofanefnds og þess að til meðferðar er hjá Umhverfis- og Auðlindaráðuneyti, undanþágubeiðni fyrirtækisins um hert ákvæði reglugerðar um viðmiðunarmörk fyrir brennisteinsvetni, telur Heilbrigðisnefnd Suðurlands ekki ástæðu til að krefja fyrirtækið að svo komnu máli, um framkvæmd kortlagningar á mengun brennisteinsvetnis á svæðinu.

9. Breyting á reglugerð 785/1999 er varðar staðfest skipulag með starfsleyfisumsóknum

Lögð fram til upplýsinga breyting á reglugerð nr. 214/2014 um breytingu á reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Breytingin felur í sér að ekki er þörf á að fyrir liggi staðfest deiliskipulag áður en starfsleyfi fyrir mengandi atvinnurekstur er gefið út. Útgefandi stafsleyfis skal þó leita umsagnar viðkomandi sveitarfélags/skipulags-og byggingarfulltrúa varðandi aðalskipulag og samþykka notkun húsnæðis.

10. Netpartar

Farið yfir stöðu málsins í ljósi þess að nú sér fyrir endann á skipulagsferli vegna aðals- og deiliskipulagsbreytinga varðandi starfemi Netparta, Byggðarhorni.



Starfsmönnum HES falið að vinna að endurnýjun starfsleyfisumsóknar og auglýsingar á því í samræmi við reglur þar að lútandi.

11. Starfsmannamál

Framkvæmdastjóri greindi frá erfiðri verkefnastöðu ma. vegna fæðingarorlofs og starfsloka starfsmanna HES og ófyrirséðs brottfall afleysingamanns. Fór jafnframt yfir hugmyndir af framtíðarfyrirkomulagi en erfitt væri til lengdar að bera uppi faglegt og gott eftirlit á afleysingastarfsmönnum.

12. ESA úttekt vegna frumframleiðslu matvöru sem ekki er af dýrauppruna

Framkvæmdastjóri upplýsti um nýliðna úttekt ESA hjá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands en úttektin sneri að frumframleiðendum matvöru, ekki af dýrauppruna, þe. matjurtaræktendum. Endanleg skýrsla ESA liggur ekki fyrir.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.00

Gunnar Þorkelsson, form.
Unnsteinn Eggertsson

Svanborg Egilsdóttir
Guðmundur G. Gunnarss

Páll Stefánsson
Elsa Ingjaldsdóttir